Fullgild rafræn undirskrift
KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR KRÖYER
2026-06-30 13:47:26 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR
2026-06-30 13:48:25 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1
Reykjavík 110
Ísland

30. júní 2026, Reykjavík
UOS-3463

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 30. júní 2026, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Sláturfélag Suðurlands svf. þann 15. júní 2026. Þann 30. júní 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

| Frávik frá: | Lýsing og staða fráviks: | Staða á fráviki: |
|---|---|---|
| gr. 2.1 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 15. júní 2026<br>Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið.<br>Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. | Lokað |
| Tillögur rekstraraðila: | **Rekstraraðili sendi stofnuninni afrit af umhverfismarkmiðum sínum þann 30. júní 2026** | |
| gr. 3.7.2 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 15. júní 2026<br>Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt mælingar á losun í vatn.<br>Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi | Opið |
| Tillögur rekstraraðila: | **Rekstraraðili hefur framkvæmt sýnatökur og munu niðurstöður hennar berast fyrir 13. júlí 2026.** | |
| gr. 4.2 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 15. júní 2026<br>Ekki eru skráðar upplýsingar um árlegt magn skólps sem myndast.<br>Rekstraraðili skal skrá reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila | Lokað |
| Tillögur rekstraraðila: | **Rekstraraðili sendi stofnuninni upplýsingar um magn skólps fyrir árið 2025 þann 30. júní 2026.** | |
| gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. | Frávikið var skráð: 15. júní 2026<br>Umhverfisupplýsingum hefur ekki verið skilað til stofnunarinnar. | Lokað |

Umhverfis- og orkustofnun

| | | |
|---|---|---|
| 990/2008 um útstreymisbókhald. | Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. | |
| Tillögur rekstraraðila: | **Umhverfisupplýsingar fyrir árið 2025 bárust stofnuninni þann 30. júní 2026.** | |
| gr. 3.5 í starfsleyfi | Frávikið var skráð: 15. júní 2026<br>Lekavarnir undir olíugeymi og úrgangsolíugeymi eru ófullnægjandi.<br>Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er, þannig að ekki sé hætta sé á að þessi efni berist út í umhverfið. | Lokað |
| Tillögur rekstraraðila: | **Rekstraraðili hefur lagfært lekavarnir olíugeymanna og sent mynd þess til staðfestingar þann 15. júní 2026.** | |

**Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

**Kristín Kröyer**
Sérfræðingur í teymi eftirlits

**Sigríður Kristinsdóttir**
Sérfræðingur í teymi eftirlits